

Fuglaathugun ofan Sigtúns og Hjalla á Patreksfirði

Unnið fyrir Framkvæmdasýslu ríkisins og Vesturbyggð

Eva Dögg Jóhannesdóttir

Böðvar Þórisson

Júlí 2015
NV nr. 11-15

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
AÐFERÐIR	3
NÐURSTÖÐUR	4
UMRÆÐUR	4
Áhrif framkvæmda á fulgalíf	4
HEIMILDIR	5

Inngangur

Fyrirhugað er að byggja ofanflóðavarnir ofan Sigtúns og Hjalla á Patreksfirði (Hrafnkell Már Stefánsson o.fl. 2014) og er framkvæmdin tilkynningarskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Gera þarf grein fyrir hugsanlegum áhrifum á fugla af framkvæmdinni.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er um 6 ha fyrir ofan íbúðabyggð við Sigtún, Hjalla og Brunna austan megin í þéttbýlinu. Svæðið afmarkast gróflega af Stekkagili/Geirseyrargil að austan og Litladals á vestan (Landmótun 2015).



Mynd 1. Athugunarsvæði fyrir ofan Sigtún. Sést í skógræktina vestast á svæðinu. Mynd: BÞ/Nave©2015.

Athuganir á fuglum hafa ekki verið gerðar áður á þessu svæði svo vitað sé.

Aðferðir

Gengið var um fyrirhugað framkvæmdasvæði þann 19. og 24. júní og fuglar skráðir sem sáust. Farið var á efnistökusvæði þann 24. júní og fuglar skráðir.

Lagt var mat á hvort varpufuglar væru á svæðinu út frá atferli t.d. syngjandi karlfugl, spörfugl með æti o.sv.frv. Atferli fugla var skráð og varpstig þeirra metið á skalanum 1-3:

1= staðfest varp ef fundið var hreiður með eggjum/ungum, séður spörfugl með æti o.fl.

2= líklegt varp, t.d. ef fugl heyrðist syngja.

3= hugsanlegt varp.

Niðurstöður

Samtals sáu sex tegundir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Þann 19. júní sást hrafn (*Corvus corax*) með æti og við seinni athugunina fannst hreiður og í því voru þrjú ungar. Þúfuttittlingur (*Anthus pratensis*) og skógarþröstur (*Turdus iliacus*) voru syngjandi á svæðinu. Hrossagaukur (*Gallinago gallinago*) var á flugi hneggjandi. Það heyrðist í heiðlóu (*Pluvialis apricaria*) en hún var utan við svæðið. Steindepill (*Oenanthe oenanthe*) var líklega í ætisleit á svæðinu. Í töflu 1 eru þær tegundir sem sáu á svæðinu og varpstig þeirra.

Tafla 1. Varpstig fugla sem sáu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og námusvæði 19. og 24. júní 2015. 1= staðfest varp, 2= líklegt varp, 3= hugsanlegt varp.

Tegund	Varpstig	Lýsing
Hrossagaukur	2	Hrossagaukur var hneggjandi.
Heiðlóa	3	Heyrðist í heiðlóu syngja utan svæðis.
Hrafn	1	Hreiður með ungum.
Skógarþröstur	2	Syngjandi fuglar.
Þúfuttittlingur	2	Varpfuglar á svæðinu
Steindepill	3	Ætisleit

Eitt námusvæði er rétt innan byggðarinnar á Raknadalshlíð. Fleygir hrafnsungar voru á svæðinu og fundust tvö hrafshreiður innan sama óðalsins. Annað hreiðrið hafði greinilega verið í ábúð í vor.

Umræður

Hrossagaukur, þúfuttittlingur og skógarþröstur eru varpfuglar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Steindepill sást í ætisleit en hann gæti orpið fyrir ofan skógræktina eða í hlöðnum grjótgörðum á eða við svæðið. Það heyrðist í heiðlóu en hún verpur líklega ekki innan svæðisins. Hrafn sást með æti í fyrri athugun og fundust svo þrjú ungar í hreiðri í seinni athuguninni. Hreiðrið er vel fyrir ofan byggðina og er ekki innan framkvæmdasvæðisins.

Búsvæðið hentar ágætlega fyrir auðnutittling en hann sást ekki í þessum athugunum. Hann gæti samt orpið þarna stopult.

Áhrif framkvæmda á fulgalíf

Framkvæmdin hefur tímabundið áhrif á hrossagauk, þúfuttittling og skógarþröst. Þegar gróður hefur tekið við sér aftur eftir að framkvæmdum lýkur þá ætti að skapast búsvæði fyrir þessar tegundir.

Hrafn er á valista en tegundinni hefur fækkað yfir 20% á síðustu 10 árum (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Eitt hrafns hreiður í ábúð fannst í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði og annað ofan námusvæðis. Hreiðrið ofan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis er það langt frá að það ætti ekki að hafa áhrif á varpið. Fyrir ofan námuna voru tvö hreiður innan sama óðals. Það er ekki óalgegn að innan sama óðals séu tvö eða fleiri hreiður og parið sé ekki í sama hreiðri á milli ára (Náttúrustofa Vestfjarða, óbirt gögn). Efnistaka gæti haft áhrif á varpið en hugsanlega er parið vant umgangi á þessu svæði eða það er með möguleika á varpstað sem er fjær námunn. Framkvæmdin mun hugsanlega hafa tímabundin áhrif á varp hrafnna við námusvæði en að öðru leyti mun hún hafa lítil eða engin áhrif á fugla á valista.

Heimildir

Hrafnkell Már Stefánsson, Kristín Martha Hákonardóttir og Pálmi Ragnar Pálmason. 2014. Snjóflóðavarnir í Vesturbyggð. Hjallar og Sigtún á Patreksfirði. Frumathugun. Verkís.

Landmótun. 2015. Frumathugun. Ofanflóðavarnir á Patreksfirði. Tillaga að skipulagi. Landmótun.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2000. Válisti 2: fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands.